

Mánudaginn 31. d. októberm.

Nr. 37/1910:

Hannes Thorsteinson
fyrir hönd Salomon Davidsens
gegn
Guðmundi Jónassyni.

D ó m u r :

Til fullnægingar landsyfirréttardómi 1. febr. f. á., í skuldamáli milli áfryjanda Hannesar Thorsteinson cand. jur. fyrir hönd Salomon Davidsens stórkaupmanns í Kaupmannahöfn og stefnda Guðmundar Jónassonar, kaupmanns í Skarðsstöð, var fjárnám gjört af sýslumanninum í Dalasýslu 23. júlí f. á. á heimili stefnda á Skarðsstöð fyrir dómsupphæð með vöxtum, málskostnaði og aðfarar-kostnaði, samtals 4640,41. Við gjörð þessa var staddur Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður og mótmælti fjárnáminu fyrir hönd stefnda, svo og sín vegna, með því hann taldi nokkra fjármuni, er aðfarar var beiðst í, vera sína eign, en þessum mótmælum var hrundið með úrskurði fúgetans s. d. Fjárnámsgjörð þessari og úrskurði hefir áfryjandi með stefnu á hendur Guðmundi Jónassyni dags. 10. júní þ. á. skotið til yfirdómsins til staðfestingar, og jafnframt krafist, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af annari hálfu hefir Einar M. Jónasson með stefnu dags. 13. ágúst þ. á. gagnáfrýjað málinu, fyrir hönd þeirra Guðmundar Jónassonar beggja, og krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi, sem ólögmaett og óframkvæmanlegt, en áfryjandi verði dæmdur til að greiða sér 2500

kr. í skaðabætur og hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum.

Eftir að stefndi hafði fengið 14 daga frest til andsvara, beiddist hann í síðasta réttarhaldi málsins 6 vikna eða til vara 4 vikna framhaldsfrests til vitnaleiðslu í Dalasýslu og til þrautavara vikufrests, en áfrýjandi mótmælti öllum framhaldsfresti og var málið svo lagt undir úrskurð eða dóm réttarins.

Stefndi tjáðist þurfa vitnaleiðslunnar til að sanna ýms atvik, er áfrýjandi hafði krafist að hann færði rök fyrir. Það er rétt, að áfrýjandi hefir skorað á stefnda að sanna, að Guðmundur Jónasson hafi eigi átt alla þá muni, er fjárnám var gjört í, en við fógetagjörðina lýsti Einar M. Jónasson því yfir, að skjöl viðvikjandi þessu lægju á heimili sínu í Reykjavík, og virðist því eigi þurfa að leiða vitni í Dalasýslu um þetta atriði. Að öðru leyti hefir stefndi eigi gjört grein fyrir hver atvik þau séu, er hann þurfi að sanna, og verður því eigi séð hvort vitnaleiðslan er nauðsynleg eða nokkurs varðandi fyrir málið. Frestur í því skyni verður því eigi veittur gegn mótmælum áfrýjanda og eigi heldur frestur til andsvara, með því stefndi þegar hefir haft 14 daga frest, en eigi notað hann.

Þó að Guðmundi Jónassyni einum sé stefnt í frumsökinni, hefir Einar M. Jónasson tekið upp gagnsökina fyrir þá báða. En þetta verður eigi talið lögmætt og var að eins heimilt að gagnáfrýja málinu af hendi Guðmundar Jónassonar. Gagnáfrýjun Einars M. Jónassonar ber því að vísa frá yfirdóminum.

Ástæður fyrir kröfu stefnda um ónýting fjárnámsins virðast einkum vera þær, að fógetinn hafi framkvæmt fjár-

námið í fjærvist stefnda, án þess að kveðja neinn til að gæta réttar hans, að fjárnámið hafi verið heimildarlaust og óþarft, af því að stefndi og málfærslumaður áfrýjanda hafi verið ásáttir um að stefndi setti tryggingu fyrir skuldinni, svo að eigi þyrfti til fjárnáms að koma, að stefndi hafi enga tilkynningu fengið um aðförina svo að hann viti ekki, hvort nokkurt fjárnám hafi farið fram, og að fjárnám hafi verið gjört á kindum á fjalli og mótorbát, er eigi var heimavið í Skarðsstöð.

Við þessar varnarástæður stefnda er það að athuga, að Einar M. Jónasson kom, eins og fyr er sagt, í fógetaréttinn með umboði stefnda og mótmælti fjárnáminu fyrir hans hönd, enda var stefnda kunnugt um, að fjárnámið stóð til þann dag, því hann fór þá burt af heimilinu með alt sitt fólk og læsti öllum dyrum, að því er virðist í því skyni að hindra aðförina. Áfrýjandi neitar því, að neitt hafi verið samið við stefnda um tryggingu fyrir skuldinni, og stefndi hefir enga sönnun fært fyrir því; við fógetagjörðina sést eigi að umboðsmaður stefnda hafi boðið fram neina tryggingu, og þótt svo hefði verið, var áfrýjanda eigi skylt að taka því boði. Stefndi hefir eigi fundið neitt að virðingu á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, né vefengt það, að réttarvottarnir væru bærir um og hefðu nægilegan kunnugleika til að virða munina, þó að þeir væru eigi allir við hendina. Þetta verður því eigi talinn galli á fógetagjörðinni, er varða eigi ónyting hennar. Eigi er heldur nein ástæða til að ætla, að stefndi hafi eigi fengið næga vitneskju um fjárnámið, með því að umboðsmaður hans var þar viðstaddur og beiddi þá þegar um eftirrit af fógetagjörðinni.

Samkvæmt framansögðu verða mótmæli stefnda gegn

fjárnámsgjörðinni eigi tekin til greina, og ber því að staðfesta hana svo og hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn Einars M. Jónassonar í þessu máli vísast frá yfirdóminum. Hinum áfrýjaða úrskurði og fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Guðmundur Jónasson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Salomon Davidsens 25 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 7. dag nóvembermán.

Nr. 16/1910:

Hreppsnefnd Patrekshrepps
 gegn
 Jóni G. Ólafssyni.

D ó m u r :

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Patrekshreppi aukaútsvar, að upphæð 42 kr., á hinn stefnda, skipstjóra Jón G. Ólafsson, og er stefndi eigi vildi greiða útsvarið